

Fundargerð (38)

Fundur haldinn gegnum fjarfundabúnað Teams þriðjudaginn 15. júní 2021, kl. 14.00.

Eftirtaldir sátu fundinn:

Frá Alpýðusambandi Íslands; Ragnar Ólason
Frá Bandalagi háskólamanna; Maríanna H. Helgadóttir
Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Sonja Ýr Þorbergsdóttir
Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; Harpa Júlía Sævarsdóttir
Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti; Aldís Magnúsdóttir og Einar Mar Þórðarson
(mættu kl. 14.20)
Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Inga Rún Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir
Frá Reykjavíkurborg; Harpa Ólafsdóttir og Kolbeinn Guðmundsson
Frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu; Kristín Ösp Jónsdóttir
Verkefnisstjórn: Bergþór Haukdal Jónsson og Bára Hildur Jóhannsdóttir
verkefnisstjóri
Fundarstjóri: Helga Jónsdóttir.

Helga Jónsdóttir skráði fundargerð. Dagskrá og gögn til undirbúnings fundinum lágu fyrir á Teams.

- 1. Fundargerð 37. fundar** samþykkt. Vakin athygli á að fundur sem átti að vera 8. júní var felldur niður.
- 2. Framvinduskýrsla.** Bára Hildur fór yfir framvinduskýrslu verkefnisstjórnar.
- 3. Staðan hjá matshópi.** Bára Hildur og Kolbeinn gerðu grein fyrir störfum matshóps m.a. því að skapalón að skýrslugerð og upplýsingum til stýrihóps séu í lokayfirferð matshóps sem nýtir sér sérfræðiráðgjöf við það. Sveitarfélögin hafa enn til skoðunar hvernig gagna verður aflað til að uppfylla mælingar hjá þeim samkvæmt fylgiskjali 3. Gert er ráð fyrir að minnisblað vegna þess liggja fyrir næsta stýrihópsfundu. Þá var rætt um nauðsyn þess að allir launagreiðendur gæti þess að uppfylla löggjöf um persónuvernd á sama tíma og skuldbindingar sem fylgja betri vinnutíma í vaktavinnu og lögum um kjarasamninga. Samráð vegna lögfræðilegra þátta verður við verkefnisstjóra og mun Aldís kalla launagreiðendur til samtals.
- 4. Skráning á veikindum, framkvæmd.** Bára Hildur fór yfir drög leiðbeininga til launafulltrúa allra launagreiðenda varðandi samræmda skráningu veikinda eftir gildistöku betri vinnutíma í vaktavinnu. Þar eru lögð drög að framkvæmd með það að markmiði að starfsfólk í veikindaleyfi sé jafnsett í launum og það hefði verið án veikindanna. Málið rætt. Jafnframt samþykkt að verkefnisstjóri kalli fulltrúa allra launagreiðenda og tvo fulltrúa frá launafólki til að yfirfara drögin. Stýrihópsfulltrúar tilkynna verkefnisstjóra nöfn fulltrúa til þátttöku í samráðinu.

5. Önnur mál.

- Fundarstjóri minnti á að allir fulltrúar í stýrihópnum eigi sér varamann. Forfallist þeir sé mikilvægt að þeir geri verkefnisstjóra, fundarstjóra og varamanni sínum viðvart svo fljótt sem auðið er. Allir varamenn eiga aðgang að gögnum stýrihópsins á teams og geta kynnt sér gögn til undirbúnings fundarins.
- Ákveðið að næsti fundur verði sá síðasti fyrir sumarleyfi. Reglulegir fundir hefjist á ný á hefðbundnum tíma þriðjudaginn 10. ágúst nk.

Fundi slitið kl. 15.20. Næsti fundur þriðjudaginn 22. júní kl. 14-15.30.
Fundargerð er aðgengileg á Teams.